



# PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

## Ákvörðun nr. 20/2017

### Staðsetning bréfakassa að Svöluási 1b

### 221 Hafnarfirði

#### I. Forsaga

Mál þetta varðar kvörtun, dags 24. mars, húsfélagsins að Svöluási 1b í Hafnarfirði (*mál nr. 2017040039*).

Með bréfi, dags. 5. janúar 2017, sendi Íslandspóstur ohf., (hér eftir ÍSP), eftifarandi tilkynningu til fjölmargra húsfélaga í Vallarhverfi Hafnarfirði:

„Engir póstkassar eru fyrir viðtakendur pósts að [...] 221 Hafnarfirði og því óskum eftir því [sic] að þú kynnir þér meðfylgjandi greinar, fyrir hönd hússtjórnar [...], úr byggingarreglugerð og lögum um póstþjónustu og bregðist við eigi síðar en **01.04.2017**.

Pósturinn óskar eftir því að póstkassasamstæða verði sett upp til að fyrirtækið neyðist ekki til að stöðva útburð eins og lög og reglur gera ráð fyrir.

Ákvörðun þessa er hægt að kæra til Póst- og fjarskiptastofnunar sem hefur eftirlit með póstmálum og framkvæmd laga um póstþjónustu.“

#### II. Kvörtun

Með bréfi, dags. 27. mars kvartaði húsfélagið að Svöluási 1b. Í kvörtuninni kom m.a fram að samkvæmt teikningum og lokaúttekt samþykktri af byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar hafi húsið ekki sameiginlegan inngang. Húsið hafi sameiginlega aðkomu um opin stiga og einka inngang/anddyri með póslúgu við hverja íbúð. Þann 24 maí 2002 hafi teikningar af húsinu verið samþykktar af byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar og þann 27. október 2005 er svo staðfest í lokaúttekt að allt sé samkvæmt áður samþykktum teikningum.

Kvörtun þessi er ein af mörgum sem bárust til PFS vegna kröfu ÍSP um að settar verði upp bréfakassasamstæður á jarðhæð ella yrði póstútburði hætt.

Samhliða kvörtun Húsfélagsins að Svöluási 1b, bárust einnig kvartanir frá eftirfarandi húsfélögum, Þrastarási 16, Daggarvöllum 6a og 6b, Berjavöllum 2, Engjavöllum 5a og 5b, Þrastarási 75, Burknavöllum 17c og Svöluási 1a.

Fjallað verður um allar þessar kvartanir sameiginlega þó að leyst verði úr hverri kvörtun fyrir sig með sjálfstæðri ákvörðun. Helgast það m.a. af sjónarmiðum um aðild og kærurétt hvers og eins, en ekki er sjálfgefið að aðilar máls líti svo á að sömu sjónarmið eigi að gilda í öllum tilvikum. Því var talið rétt að aðskilja málín.

### III. Málsmeðferð

#### I. *Almennt*

Með bréfi, dags. 21. mars óskaði PFS eftir umsögn Byggingarfulltrúans í Hafnarfirði. Í bréfinu upplýsir stofnunin að hún hafi til meðferðar kvartanir frá nokkrum húsfélögum fjölbýlishúsa í Hafnarfirði.

Stofnunin lýsti málavöxtum með eftirfarandi hætti í bréfi sínu:

„Málavextir eru þeir að Íslandspóstur hefur boðað það að hætta að bera út póst í þessi tilteknu fjölbýlishús þar sem fyrirtækið telur að staðsetning bréfakassa sé ekki í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar. Af þeim sem fengu tilkynningu frá Íslandspósti, hafi nokkrir einstaklingar og/eða húsfélög kvartað til Póst- og fjarskiptastofnunar, sbr. 10. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003 þar sem hinu gagnstæða er haldið fram, þ.e. að frágangur á bréfalúgum sé í samræmi við ákvæði byggingareglugerðar og í einhverjum tilvikum er einnig vísað til þess að úttekt hafi farið fram, sjá nánar afrit af kvörtunum. Um er að ræða fjölbýlishúsin að Berjavöllum 2., Þrastarási 16, Daggarvöllum 6A og 6Bm Engjavöllum 5A og 5B og Burknavöllum 17c.“

Ágreiningsefnið snýr að meðfylgjandi ákvæði í byggingareglugerð nr. 112/2012, nánar tiltekið grein 6.13.1.

„Í þéttbýli og annars staðar þar sem póstútburður fer fram skulu vera kassar eða bréfarifur fyrir móttöku bréfapóstsendinga á eða við útihurðir ein-, tví- og þríbýlishúsa. Þar sem tvær íbúðir eða fleiri hafa sameiginlegt aðalanddyri skulu vera bréfakassasamstæður fyrir allar íbúðir sem nýta aðkomuna. Sama á við í atvinnuhúsnæði þar sem fleiri en einn hefur starfsstöð.“

Bréfrifur fyrir móttöku bréfapóstsendinga skulu vera minnst 25x 260 mm að stærð og staðsettar þannig að fjarlægð frá gólf (jörðu) að neðri bréfarifu sé ekki minni en 1.00 m og ekki meiri en 1.20 m.

Bréfakassasamstæður bygginga skulu staðsettar á aðalinngangshæð. Lýsing við bréfasamstæðu skal vera fullnægjandi.

Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar. Póst- og fjarskiptastofnun óskar hér með eftir álti byggingarfulltrúans í Hafnarfirði á því hvort að það fyrirkomulag sem nú er á staðsetningu bréfakassa/bréfalúgu, í ofantöldum fjölbýlishúsum, sé í samræmi við ofangreint ákvæði byggingarreglugerðarinnar og/eða hvort þetta fyrirkomulag hafi komið til einhverrar skoðunar við lokaúttekt á eignunum, sbr. 3.9. kafli byggingarreglugerðar. Í þeim tilvikum þar sem viðkomandi fjölbýlishús hafa verið byggð í tíð eldri löggjafar vísast til sambærilegra ákvæða í hinni eldri löggjöf.

Jafnframt er óskað eftir álti á því hvar aðalanddyri er í viðkomandi fjölbýlishúsum í skilningi byggingarreglugerðar.“

Afrit af bréfi PFS var sent til kvartanda, ÍSP sem og Mannvirkjastofnunar.

Með bréfi PFS, dags. 4. apríl 2017, til Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar tilkynnti stofnunin að henni hafi borist fleiri sambærilegar kvartanir, nánar tiltekið frá íbúum að Svöluási 1a, Svöluási 1b og Þrástarási 75. Óskaði stofnunin því eftir að umsögnin tæki einnig til aðstæðna í þessum tilteknu fjölbýlishúsum.

## 2.

### *Umsögn Byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar*

Umsögn Byggingarfulltrúans barst með bréfi, dags. 5. júlí 2017., í því sagði m.a.:

„Þær fasteignir sem um ræðir í bréfi PFS eru byggðar á árunum 2001 til 2004 í gildistíð reglugerðar nr. 441/1998.

Í gr. 80.2 um bréfakassa í byggingarreglugerð nr. 441/1998 sagði

„Póstkassar og bréfarifur skulu vera í samræmi við reglugerð um grunnpóstþjónustu. Á aðaluppdrátti fjöleignarhúsa skal sýna hvar í aðalanddyri megi koma fyrir póstkössum og dyrasímum“

Grein 80.2. í byggingarreglugerð nr. 441/1998 var breytt 8. febrúar 2002 með reglugerð nr. 133/2002 og var eftir breytingu svohljóðandi:

Bréfakassi er kassi í eða við aðsetur viðtakanda ætlaður fyrir móttöku bréfapóstsendinga. Í þéttbýli og annars staðar þar sem póstútburður fer fram er sett það skilyrði fyrir útburði að kassar eða bréfarifur séu á eða við útiþurðir ein-, tví- og þríbýlishúsa, en þar sem fleiri en þrjár íbúðir hafa sameiginlegan inngang skulu húseigendur setja upp bréfakassasamstæður. Sama á við í atvinnuhúsnaði þar sem fleiri en einn aðili hefur starfstöð.

Bréfarifur skulu vera minnst 25'260 mm að stærð og staðsettar þannig að fjarlægð frá gólfí (jörðu) að neðri jaðri bréfarifu sé ekki minni en 1000 mm og ekki meiri en 1200 mm.

Bréfakassasamstæður skulu staðsettar á neðstu hæð sem næst aðalanddyri svo bréfberi geti óhindrað komist að og athafnað sig við skil bréfapóstsendinga. Lýsing við kassasamstæðu skal vera fullnægjandi og eigi lakari en almennt er krafist í göngum og stigahúsum fjölbýlishúsa.

Við hverja bréfarifu og/eða á hverjum kassa skal vera skilti eða gluggi, minnst 26'100 mm að stærð, þar sem tilgreint er með stóru og skýru letri fullt nafn húsráðanda og annarra sem hjá honum búa. Ennfremur skal í fjöleignarhúsum tilgreina númer og auðkenni hæðar. Eigendur (íbúar) fjöleignarhúsa skulu sjá um, að kassarnir séu rétt merktir á hverjum tíma og ber þeim einnig að útvega íbúaskrá fyrir viðkomandi hús. Innbyrðis staðsetning kassanna skal vera sem eðlilegust t.d. kassi fyrir íbúð á fyrstu hæð neðstur til vinstri í samstæðunni o.s.frv. Kassarnir skulu vera læstir og samstæðan vel fest við vegg, svo að útilokað sé að bréf falli aftur fyrir hana.

Staðsetning kassasamstæðu á vegg skal vera þannig, að hæð frá gólfí að neðri jaðri neðstu bréfarifu sé ekki minni en 700 mm og hæð frá gólfí að efri jaðri efstu bréfarifu sé ekki meiri en 1750 mm. Staðsetning einstakra kassa skal vera þannig að hæð frá gólfí að neðri jaðri bréfarifu sé ekki minni en 1000 mm og að efri jaðri bréfarifu ekki meiri en 1200 mm.“

Eins og sést á ofanrituðu þá var í grein 80.2 eftir breytingu 2002 vísað til þess, að þar sem þrjár eða fleiri íbúðir hefðu sameiginlegan inngang skyldi setja upp bréfakassasamstæðu og skyldu þær þá vera staðsettar á neðstu hæð sem næsta aðalanddyri.

Í þeim fjölbýlishúsum sem hér um ræðir og vísað er til í erindi PFS, er fyrirkomulag húsanna hvað ofangreint varðar með tvennum hætti.

Annars vegar eru það fjölbýlishúsin, Prastarási 16, Daggavöllum 6A og 6B, Engjavöllum 5A og 5B og Burknavöllum 17c, sem reist eru án þess að þar sé nokkuð það sem getur talist vera sameiginlegur inngangur. Í þessum húsum er opinn stigagangur utanhúss beint frá gangstíg á jarðhæð með beinu aðgengi að hverri íbúð og eru íbúðir jafnt á jarðhæð og hæðum fyrir ofan. Er bréfalúga staðsett á útidyrahurð hverrar íbúðar. Ljóst er að í húsunum er ekkert anddyri og því ekki hægt að gera kröfu um að í húsunum verði komið fyrir bréfakassasamstæðu skv. ofangreindu ákvæðu byggingarreglugerðar. Verður ekki annað séð en að fyrirkomulag á staðsetningu bréfalúga í húsunum sé í fullu samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.

Hins vegar er um að ræða fjölbýlishúsið við Berjavelli 2, en þar hefur verið reist anddyri. Umrætt anddyri er ólæst og er opið inn á stigapall og lyftu innanhúss og er þar greiður aðgangur að hverri íbúð fyrir sig. Auk þess er í húsinu að finna opinn stigagang að utanverðu, beint frá jarðhæð, með beinu aðgengi að hverri íbúð. Eru bréfalúgur staðsettar með sama hætti og í öðrum húsum sem fjallað hefur verið um, þ.e. á útidyrahurð hverrar íbúðar. Ljóst er að íbúar í umræddum húsum þurfa ekki að nýta sér aðkomu í gegnum umrætt anddyri heldur geta notað

opinn stiga að utanverðu. Einnig er aðalinngangur einnar íbúðar í húsinu að Berjavöllum 2 á jarðhæð og er ljóst að íbúar þeirrar íbúðar nota ekki anddyri hússins. Þá er stór bílakjallari undir sama húsi en gengið er út úr honum á öðrum stað en í gegnum umrætt anddyri.

Í ljósi ofangreinds dregur byggingarfulltrúi neðangreinda ályktun:

„Af framangreindri lýsingu er ljóst að í umræddum húsum er ekki „*sameiginlegt aðalanddyri*“ og því ekki hægt að gera kröfu um að í húsunum verði komið fyrir bréfakassasamstæðu skv. ofangreindu ákvæði byggingarreglugerðar. Verður ekki annað séð en að fyrirkomulag á staðsetningu bréfalúga í húsinu sé í fullu samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.“

Ekki verður séð að ofangreint fyrirkomulag hafi komið sérstaklega til skoðunar við framkvæmd lokaúttektar á eignunum, sbr. kafla 3.9 í byggingarreglugerð, að öðru leyti en að fyrirkomulagið hafi verið talið uppfylla ofangreint ákvæði byggingarreglugerðar.

Í bréfi PFS er óskað eftir álti Hafnarfjarðarbæjar á því hvar „aðalanddyri“ sé í viðkomandi fjölbýlishúsum í skilningi byggingarreglugerðarinnar. Í þessu sambandi skal fyrst bent á að samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar er engin skylda að koma fyrir aðalanddyr á jarðhæð fjölbýlishúsa.

Að öðru leyti og með vísan til þess sem rakið hefur verið hér að framan er ljóst að í umræddum fjölbýlishúsum er ekki að finna sameiginlegan inngang né aðalanddyri.“

### 3.

#### *Tölvupóstur PFS*

Með tölvupósti PFS, dags. 17. júlí 2017 sendi stofnunin fyrirspurn til byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar þar sem spurt var hvort umsögnin næði ekki líka til fjölbýlishúsanna Svöluás 1a, Svöluás 1b og Prastarás 75. En þessi fjölbýlishús voru ekki talin upp í umsögn byggingarfulltrúa. Svar barst þann 18. júlí 2017, þar sem staðfest var að svo væri.

### 4.

#### *Athugasemdir Íslandspósts ohf.*

Með bréfi ÍSP, dags. 15. september 2017, bárust PFS síðan athugasemdir ÍSP við umsögn Byggingarfulltrúans, en fyrirtækið hafði áður fengið frest til að skila henni inn, þar sagði m.a.:

„Í tengslum við ofangreinda umsögn byggingarfulltrúa skal bent á að í byggingarreglugerð nr. 441/1998 var kveðið á um að í aðaluppdráttum fjöleignarhúsa skyldi gera grein fyrir hvar í aðalanddyri koma mætti fyrir póstkóssum o.fl., sbr. og síðar rgl.133/2002, sem kvað nánar á um útfærslu þessa. Þar var kveðið á um að kassar eða bréfarifur væru við útihurðir í ein-, tví- eða þríbýlishúsum, en þar sem fleiri en þrjár íbúðir hafi sameiginlegan inngang

skyldu settar upp bréfakassasamstæður, sem skyldu staðsettar á neðstu hæð sem næst aðalanddyri „*svo bréfberi geti óhindrað komist að og athafnað sig við skil bréfapóstsendinga*“ . Í sambærilegu ákvæði núgildandi reglugerðar, nr. 112/2012, gr. 6.13, segir að þar sem tvær íbúðir eða fleiri hafa sameiginlegt aðalanddyri skulu vera bréfakassasamstæður fyrir allar íbúðir sem nýta aðkomuna.“

Í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 16/2010 nr. 16/2010 varðandi staðsetningu bréfakassa fyrir Bjallavað 13-17, 110 Reykjavík og ÍSP telur vera fordæmisgefandi, segir:

„Í umsögn byggingarfulltrúans kemur m.a. fram að fjölbýlishúsið að Bjallavaði 13-17 uppfylli ekki ákvæði byggingarreglugerðar þegar kemur að staðsetningu bréfakassa. Vísaði byggingarfulltrúi m.a. til þess að gengið væri að íbúðum ofan jarðhæðar um þrjú stigahús og síðan eftir svalagöngum. Taldi byggingarfulltrúi að þar sem fleiri en þrjár íbúðir hefðu aðgengi um hvert stigahús eigi bréfakassar að vera staðsettir á jarðhæð í hverju stigahúsi, sbr. ákvæði gr. 80.2 í byggingarreglugerð nr. 441/1998 m.s. breytingum. Tók byggingarfulltrúi jafnframt fram að þetta gildi einnig fyrir þær íbúðir sem á jarðhæð væru.“

Aðstæður í þessum tveimur málum þ.e. ákvörðun 16/2010, og málsnúmer 2017010073 eru sambærilegar að mati Íslandspósts:

„Það skal áréttá að við túlkun og skýringu umræddra ákvæða byggingarreglugerðar verður ekki séð að unnt sé að leggja til grundvallar eingöngu einhvers konar orðabókartúlkun á orðinu anddyri eða þ.u.l., heldur veri jafnframt að líta til tilgangs og markmiðsskýringa, þ.e. að átt sé við sameiginleg svæði eða sameiginlega aðstöðu í fjöleignarhúsum, þar sem unnt er að koma fyrir bréfakössum og íbúar fjöleignarhúsa nýta sem aðkomu eða fara um. Þannig verður ekki fallist á að hér skipti máli orðaskýring orðabókar Menningarsjóðs á fordyri (forstofu) enda telur Íslandspóstur það koma nægjanlega skýrt fram að um sameiginlegan inngang sé að ræða og því beri að fylgja byggingarreglugerð í þessum máli eins og fram kemur hér að framan.“

Jafnframt vísaði ÍSP til 65. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. og að gert hafi verið áhættumat á starfi bréfbera. Niðurstaða þess hafi verið sú að vinnuaðstæður bréfbera hafi verið óásættanlegar í þeim tilfellum þegar póslúgur/póstkassar væru ekki samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar.

## IV. Niðurstaða

### I. Almennt

Heimild kvartanda til að bera ágreiningsefnið undir Póst- og fjarskiptastofnun byggir á 10. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003. Samkvæmt ákvæðinu geta neytendur eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta, beint kvörtun til Póst- og fjarskiptastofnunar, ef þeir telja að

fjarskiptafyrirtæki eða póstrekkandi brjóti gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um fjarskipti eða lögum um póstþjónustu, eða gegn skilyrðum sem mælt er fyrir um í almennum heimildum, réttindum eða í rekstrarleyfi. Póst- og fjarskiptastofnun er skylt að leita álits viðkomandi fyrirtækis á kvörtuninni og skal jafnframt freista þess að jafna ágreining aðila.

Íslandspóstur hf. er opinbert hlutafélag að fullu í eigu íslenska ríkisins. Í lögum um póstþjónustu nr. 19/2002, reglugerð um alþjónustu nr. 364/2003 og í rekstrarleyfi fyrirtækisins, dags. 3. desember 2007, er skyldum fyrirtækisins að því er varðar þjónustuna og gæðum hennar lýst.

Samkvæmt rekstarleyfi Íslandspósts, dags 3. desember 2007, skal Íslandspóstur gegna skyldum ríkisins, skv. 6. gr. laga um póstþjónustu og tryggja öllum landsmönnum á jafnræðisgrundvelli aðgang að alþjónustu, með ákveðnum gæðum og á viðráðanlegu verði. Þær kröfur sem eru á Íslandspósti undir merkjum alþjónustu eru m.a. skylda til að halda úti neti afgreiðslustaða, sbr. reglur nr. 504/2003, lágmarksopnunartími afgreiðslustaða, ásamt skyldu til að setja upp póstkassa til móttöku á pótsendingum á landinu öllu.

Samkvæmt 21. gr. laga um póstþjónustu skal Póst- og fjarskiptastofnun tryggja að alls staðar á landinu sé alla virka daga borinn út póstur sem fellur undir skilgreiningu á alþjónustu nema kringumstæður og landfræðilegar aðstæður hindri slíkt. Þá er í 31. gr. laganna fjallað um móttöku og afhendingu pótsendinga. Í 4. mgr. er kveðið á um að pótsendingu skuli dreift til eða afhent þeim aðila sem hún er stíluð á eða hefur umboð til viðtöku hennar, í bréfakassa eða pósthólf viðtakanda eða þangað sem að utanáskrift segir að öðru leyti til um. Í loka málslið 4. mgr. er tekið fram að póstrekkanda sé heimilt að endursenda pótsendingar ef bréfarifur og bréfakassar viðtakanda eru ekki í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar.

## 2.

### *Ákvæði byggingarreglugerðar*

Í umsögn byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar kemur fram að þau fjölbýlishús sem um ræðir hafi verið byggð á árunum 2001 til 2004. Á þeim tíma var í gildi byggingarreglugerð nr. 441/1998. Í grein 80.2 var að finna eftifarandi ákvæði um bréfakassa, sem taka verður hér mið af enda meginreglan sú að breytingar á ákvæðum byggingarreglugerðar eru ekki afturvirkar. Ákvæðið hljóðar svo:

„Bréfakassi er kassi í eða við aðsetur viðtakanda ætlaður fyrir móttöku bréfapótsendinga. Í þéttbýli og annars staðar þar sem póstútburður fer fram er sett það skilyrði fyrir útburði að kassar eða bréfarifur séu á eða við útihurðir ein-, tví- og þríbýlishúsa, en þar sem fleiri en þrjár íbúðir hafa sameiginlegan inngang skulu húseigendur setja upp bréfakassasamstæður. Sama á við í atvinnuhúsnæði þar sem fleiri en einn aðili hefur starfstöð. Bréfarifur skulu vera minnst 25 260 mm. að stærð og staðsettar þannig að fjarlægð frá gólf (jörðu) að neðri jaðri bréfarifu sé ekki minni en 1000 mm. og ekki meiri en 1200 mm.

Bréfakassasamstæður skulu staðsettar á neðstu hæð sem næst aðalanddyri svo bréfberi geti óhindrað komist að og athafnað sig við skil bréfapótsendinga. Lýsing við kassasamstæðu skal vera fullnægjandi og eigi lakari en almennt er krafist í göngum og stigahúsum fjölbýlishúsa.

Við hverja bréfarifu og/eða kassa skal vera skilti eða gluggi minnst 26 \*100 mm að stærð, þar sem tilgreint er með stóru og skýru letri fullt nafn húsráðanda og annarra sem hjá honum búa. Ennfremur skal í fjöleignarhúsum tilgreina númer og auðkenni hæðar. Eigendur (íbúar) fjöleignarhúsa skulu sjá um, að kassarnir séu rétt merktir á hverjum tíma og ber þeim einnig að útvega íbúaskrá fyrir viðkomandi hús. Innbyrðis staðsetning kassanna skal vera sem eðlilegust t.d. kassi fyrir íbúð á fyrstu hæð neðstur til vinstri í samstæðunni o.s.frv. Kassarnir skulu vera læstir og samstæðan vel fest við vegg, svo að útilokað sé að bréf falli aftur fyrir hana.

Staðsetning kassasamstæðu á vegg skal vera þannig, að hæð frá gólf að neðri jaðri neðstu bréfarifu sé ekki minni en 700 mm. og hæð frá gólf að efri jaðri efstu bréfarifu sé ekki meiri en 1750 mm. Staðsetning einstakra kassa skal vera þannig að hæð frá gólf að neðri jaðri bréfarifu sé ekki minni en 1000 mm. og að efri jaðri bréfarifu ekki meiri en 1200 mm.“

### 3.

#### *Um umsagnir byggingarfulltrúua*

##### *3.1.Umsögn byggingarfulltrúans í Reykjavík*

Hliðstætt ágreiningsefni og uppi er í því máli sem hér er til umfjöllunar var tekið til ákvörðunar í ákvörðun PFS nr. 16/2010. Í því máli leitaði PFS eftir umsögn byggingarfulltrúans í Reykjavík á því hvernig bæri að skilja grein 80.2. í byggingarreglugerð með tilliti til mögulegrar staðsetningar bréfakassa. Í svari byggingarfulltrúans kom eftirfarandi fram:

„Í fjölbýlishúsínu [X] háttar svo til að gengið er að íbúðum ofan jarðahæðar um þrjú stigahús og síðan eftir svalagöngum að íbúðum oft kallað svalagangahús. Telur embætti byggingarfulltrúa að þar sem fleiri en þrjár íbúðir hafi aðgengi um hvert stigahús eigi póstkassar að vera staðsettir á jarðhæð í hverju stigahúsi, sbr. ákvæði gr. 80.2 í byggingarreglugerð nr. 441/1998 m.s. breytingum.

Þetta gildir jafnframt fyrir þær íbúðir sem á jarðhæð eru.

Aðalhönnuður byggingarinnar sýndi ekki staðsetningu póstkassa á þeim aðaluppdráttum sem samþykkir voru af húsinu þann 26. júlí 2005 og við lokaúttekt byggingarinnar hefur úttektarmanni yfirsést að póstkassana vantaði og fékk byggingin því lokaúttekt þrátt fyrir að þennan búnað vantaði.

Það breytir ekki ábyrgð aðalhönnuðar og byggingastjóra á því að póstkassana vantaði en þeim ber að fara eftir byggingasamþykktum við framkvæmd verksins, sbr. ábyrgðarsvið sín og með vísan til 17. og 32. greinar í fyrrnefndri byggingarreglugerð.“

Með hliðsjón af ofangreindu áliti byggingarfulltrúans í Reykjavík taldi PFS að ÍSP hafi verið heimilt að senda íbúum viðkomandi fjölbýlishús bréf þess efnis að þeir kæmu fyrir

bréfakassasamstæðu á jarðhæð í samræmi við tilvitnað ákvæði byggingarreglugerðarinnar. Stofnunin taldi þó rétt að vekja athygli kvartanda á ákvæðum þágildandi skipulags og byggingalaga nr. 73/1997, einkum 1. og 5. mgr. 8. gr. sem mælir fyrir um að stjórvaldsákvarðanir stjórnsýslu sveitarfélaga sæti kæru til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála og að hægt væri að bera álit byggingarfulltrúans í Reykjavík með einhverjum hætti undir nefnda úrskurðarnefnd.

Ákvörðun PFS var kærð til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála og með úrskurði nefndarinnar nr. 5/2010 staðfesti nefndin ákvörðun stofnunarinnar með eftirfarandi orðum:

„Hin kærða ákvörðun er sem fyrr segir byggð á túlkun byggingarfulltrúa á umræddu ákvæði byggingareglugerðar. Úrskurðarnefnd tekur undir með PFS að það sé ekki á valdsviði PFS, né heldur úrskurðarnefndar, að túlka eða skýra ákvæði byggingareglugerðar og meta hvort einstök hús uppfylli ákvæði hennar eða ekki.

Með vísan til framangreinds, sem og forsenda hinnar kærðu ákvörðunar að öðru leyti, verður hún því staðfest.

Úrskurðarnefnd telur þó undir vísan PFS til ákvæða laga um skipulags og byggingarmál nr. 73/1997 og hugsanlega möguleika á því að bera umrætt álit byggingarfulltrúans í Reykjavík með einhverjum hætti undir úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.“

### *3.2. Umsögn byggingarfulltrúans í Hafnarfirði*

Í umsögn byggingarfulltrúa er að finna lýsingu á því fyrirkomulagi sem er til staðar í þeim fjölbýlishúsum sem um er að ræða og því lýst með tvennum hætti. Undir lok bréfsins dregur byggingarfulltrúi eftirfarandi ályktun:

„Af framangreindri lýsingu er ljóst að í umræddum húsum er ekki „*sameiginlegt aðalanddyri*“ og því ekki hægt að gera kröfu um að í húsunum verði komið fyrir bréfakassasamstæðu skv. ofangreindu ákvæði byggingareglugerðar. Verður ekki annað séð en að fyrirkomulag á staðsetningu bréfalúga í húsinu sé í fullu samræmi við ákvæði byggingareglugerðar.

Ekki verður séð að ofangreint fyrirkomulag hafi komið sérstaklega til skoðunar við framkvæmd lokaúttektar á eignunum, sbr. kafla 3.9 í byggingarreglugerð, að öðru leyti en að fyrirkomulagið hafi verið talið uppfylla ofangreint ákvæði byggingareglugerðar.

Í bréfi PFS er óskað eftir álti Hafnarfjarðarbæjar á því hvar „*aðalanddyri*“ sé í viðkomandi fjölbýlishúsum í skilningi byggingareglugerðarinnar. Í þessu sambandi skal fyrst bent á að samkvæmt ákvæðum byggingareglugerðar er engin skylda að koma fyrir aðalanddyr á jarðhæð fjölbýlishúsa.

Að öðru leyti og með vísan til þess sem rakið hefur verið hér að framan er ljóst að í umræddum fjölbýlishúsum er ekki að finna sameiginlegan inngang né aðalanddyri.

#### 4.

#### *Niðurstaða*

Eins og fram kemur hér að ofan aflaði PFS umsagnar hjá byggingarfulltrúanum í Hafnarfirði varðandi þær aðstæður sem uppi eru í þeim fjöleignarhúsum sem um er að ræða. Niðurstaða hans er að ekkert sameiginlegt anddyri sé í umræddum húsum og af þeim sökum sé ekki hægt að gera kröfu um að í húsunum sé komið fyrir bréfakassasamstæðu skv. ákvæðum byggingarreglugerðar. Jafnframt tiltekur byggingarfulltrúi að núverandi staðsetning á bréfalúgum, sem er á útidyrahurðum hverrar íbúðar fyrir sig, sé í fullu samræmi við ákvæði byggingareglugerðar.

Eins og rakið er hér að ofan virðist byggingarfulltrúi Reykjavíkur hafa komist að annarri niðurstöðu um túlkun á grein 80.2., en þar var niðurstaðan að íbúum væri skyldt að koma fyrir bréfakassasamstæðu á jarðhæð fjölbýlishússins. Var sú túlkun lögð til grundvallar í ákvörðun PFS nr. 16/2010, sem og í úrskurði úrskurðarnefndar nr. 5/2010.

PFS lítur svo á að byggingarfulltrúinn í Reykjavík sem og í Hafnarfirði séu tvö hliðsett og sjálfstæð stjórnvöld hvers valdsvið eru landfræðilega afmörkuð eftir sveitarfélagamörkum. PFS tekur enga afstöðu til þess hvort um sé að ræða eitthvert misræmi í túlkun þessara stjórnvalda á ákvæðum byggingarreglugerðar og hvað mögulegar afleiðingar það kunni að hafa. Hins vegar er ljóst að PFS er í þessu máli skyldt að leggja til grundvallar niðurstöðu byggingarfulltrúans í Hafnarfirði um túlkun á ákvæði gr. 80.2 í byggingareglugerð nr. 441/1998, sbr. reglugerð nr. 133/2002, sem byggingarfulltrúi telur að miða beri við.

Með hliðsjón af ofangreindu áliti byggingarfulltrúans í Hafnarfirði telur PFS að ÍSP sé ekki heimilt að krefjast þess að íbúar komi fyrir bréfakassa á jarðhæð fjölbýlishússins að Svöluási 1b, eins og krafist var af hálfu fyrirtækisins með bréfi, dags. 5. janúar 2017.

PFS telur rétt að vekja athygli aðila máls á hugsanlegum möguleika að bera álit byggingarfulltrúans í Hafnarfirði með einhverjum hatti undir úrskurðarnefnd skipulags og byggingarmála (Mannvirkjastofnun), sbr. umfjöllum í ákvörðun PFS nr. 16/2010, sbr. úrskurður úrskurðarnefndar nr. 5/2010.

#### Ákvörðunarorð

**Fyrirkomulag við móttöku pótsendinga, að Svöluási 1b er í samræmi við gr. 80.2. í byggingarreglugerð nr. 441/1998, sbr. reglugerð nr. 133/2002 , sem í gildi var þegar umrætt fjölbýlishús var byggt.**

Íslandspósti ohf. er því ekki heimilt að stöðva útburð til íbúa í viðkomandi heimilisfangi eins og boðað hafði verið með bréfi fyrirtækisins, dags. 5. janúar 2017.

Ákvörðun þessi er kæranleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 39/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

*Reykjavík, 6 október 2017*

---

Björn Geirsson, f.h. forstjóra

---

Friðrik Pétursson